



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 25. mars 2024

2403035SA VRB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um námsgögn

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 11. mars. sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um námsgögn. Með frumvarpinu er m.a. lagt til að börn að 18 ára aldri muni eiga rétt á gjaldfrjálsum námsgögnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Afstaða sambandsins

Líkt og fram kemur í skýringum með frumvarpinu hefur í töluverðan tíma verið kallað eftir endurskoðun á útgáfu námsgagna og hafa greiningar sem gerðar hafa verið undanfarin ár leitt berlega í ljós að þörf er á breytingum. Sambandið tekur undir það og styður því þau markmið sem frumvarpinu er ætlað að ná en telur þó rétt að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Hugtakið námsgögn

Í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu námsgögn en ef setja á skýrari ramma um þau, m.a. með gæðaviðmiðum, og hafa þau gjaldfrjáls gæti verið skynsamlegt að skýra hugtakið í frumvarpinu.

Mat á áhrifum

Í umfjöllun um mat á áhrifum frumvarpsins er tiltekið að það komi til með að hafa aukin útgjöld í för með sér þar sem gert er ráð fyrir gjaldfrjálsum námsgögnum fyrir framhaldsskólanemendur og auknu fjármagni til þróunarsjóðs námsgagna og námsgagnasjóðs. Að mati sambandsins þarf þó einnig að gera ráð fyrir auknu fjármagni vegna námsgagna fyrir leikskóla, sem einnig eiga að vera gjaldfrjáls samkvæmt frumvarpinu, og auknu fjármagni vegna námsgagnagerðar fyrir grunnskóla. Fjármagn til lögbundinnar námsgagnaútgáfu hefur dregist verulega saman undanfarin ár, líkt og bent er t.d. í [úttekt](#) um námsgagnaútgáfu og starfsþróun kennara sem gerð var í tilefni af 25 ára yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, og mikil þörf á að bæta úr því.

Þá vantar í áhrifamatið umfjöllun um fjármögnun námsgagnasjóðs en fjármögnun hans byggir á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga sem er í grunninn frá 2011 og fjallar um eflingu tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Samkomulagið hefur verið endurnýjan reglulega síðan 2011 en að mati sambandsins færi best á því að finna þeim verkefnum sem þar er fjallað um varanlegan farveg í stað þess að endurnýja samkomulag sem var á sínum tíma ætlað að vera bráðabirgðalausn.

Má í því samhengi m.a. benda á bókun stjórnar námsgagnasjóðs frá 13. september 2021 en þar segir:

Stjórn Námsgagnasjóðs telur óheppilegt að fjármögnun sjóðsins sé tengd tímabundnu samkomulagi um óskyld verkefni ríkis og sveitarfélaga og finnst óviðunandi að stöðugt ríki óvissa um fjármögnun sjóðsins. Stjórn Námsgagnasjóðs bindur vonir við að endanleg lausn á málinu fái sem fyrst svo fjármagn til Námsgagnasjóðs verði tryggt til frambúðar. Þá er það von stjórnar að unninn verði heildstæður lagarammi sem fyrst um starfsemi tónlistarskóla og framtíðarskipan fjárhagslegra samskipta milli ríkis og sveitarfélaga á sviði tónlistarfræðslu.

Að lokum

Með vísan til framangreinds styður sambandið markmið frumvarpsins og er jafnframt reiðubúið að koma að frekari útfærslu þeirra atriða sem nefnd eru hér að framan áður en frumvarpið verður lagt fyrir Alþingi til umfjöllunar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur